

Fundur samstarfsnefndar um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

Samstarfsnefnd kom saman til 13. fundar á Teams þann 23. júlí 2025 kl. 15:00.

Fundinn sátu:

- Guðveig Eyglóardóttir, Borgarbyggð
- Ragnhildur Eva Jónsdóttir, Borgarbyggð
- Jón Eiríkur Einarsson, Skorradalshreppi
- Kristín Jónsdóttir, Skorradalshreppi
- Lilja B. Ágústsdóttir, starfsmaður Borgarbyggðar
- Jón Hrói Finnsson, KPMG, sem ritaði fundargerð

Guðveig setti fundinn kl. 15:00.

1. Kynning á tillögu

Farið yfir stöðu kynningarmála og rætt um drög að upplýsingabæklingi. Rætt um að halda íbúafund um miðjan ágúst og dreifa kynningarbæklingi í vikunni á undan.

Guðveig ræðir við Viktor, upplýsingafulltrúa Borgarbyggðar um það hvort hann hafi tök á að setja upp bæklinginn.

Jón Hrói kannar möguleika varðandi dreifingu.

2. Samstarf og samráð við kjörstjórn

Sameiginleg kjörstjórn mætti til fundarins kl. 15:30.

Farið var yfir verkefni og verkaskiptingu í ferlinu framundan. Fundarboði fylgdu drög að kjörseðli, auglýsingu í Lögbirtingarblað og tilkynning til Þjóðskrár Íslands. Rætt var um hvernig kosningunni skuli háttað og hvar kæmi til greina að hafa kjörstaði. Lagt var til að kjörstaður í Skorradalshreppi yrði í Hreppslaug. Rætt var um hvort tilefni væri til að skipta Borgarbyggð í kjördeildir einhvern hluta kosningatímabilsins, t.d. á lokadegi. Einnig var rætt um það hvort kjörstjórn hefði umboð til að ákveða kjörstaði og opnun þeirra og hvort heimilt væri að leita til starfsmanna sveitarfélaganna um að sitja yfir kjörkössum á opnunartíma skrifstofu. Jóni Hróa falið að leita svara við vafaatriðum varðandi þetta.

Fundi slitið kl. 16:00.